



**97. fundargerð háskólaráðs Háskólans á Hólum (HH)  
24. ágúst 2023, kl. 15:00-16:30 (á Teams og á staðnum)**

**Fundinn sátu:** Hólmfríður Sveinsdóttir (rektor), Einar Kristinn Guðfinnsson og Guðrún Stefánsdóttir sem voru á staðnum. Lilja S. Pálmadóttir, Laufey Haraldsdóttir og Sveinn Margeirsson (kom á fundin kl. 15:12) voru á Teams.

Róbert Smári Gunnarsson boðaði forföll.

**Fundarstjóri:** Hólmfríður Sveinsdóttir

**Fundarritari:** Guðrún Stefánsdóttir

### **Dagskrá**

1. Dagskrá (til samþykktar).
2. Fundargerð 96 (til samþykktar).
3. Húsnæðismál Háskólans á Hólum (til upplýsinga)
4. Samtal um aukið samstarf við Háskóla Íslands (til upplýsinga)
5. Rannsóknir og kennsla
  - a. Framgangur akademísku starfsfólks við Háskólann á Hólum (til upplýsinga)
  - b. Skipun tveggja gestaprófessora við hestafræðideild (til samþykktar)
6. Kynningarmál - Nýtt merki skólans (til samþykktar)
7. Önnur mál

### **Afgreiðsla**

1. Dagskrá fundarins var samþykkt.
2. Fundargerð 96 samþykkt.
3. Hólmfríður ræðir og gerir grein fyrir stöðu húsnæðismála skólans, sem og stöðu á skrifstofuskipan í aðalbyggingunni og hvernig skrifstofurýmum verður háttað. Það kom skýrsla frá Eflu á mánudaginn síðastliðinn (21.ágúst) um stöðu á aðalbyggingu skólans þar sem kom í ljós að loftgæði 2. og 3. hæð eru ekki góð en ekki vitað hvort sú mygla á uppruna sinn þar eða hefur borist niður frá 4.hæðinni. En 4. hæðinni var formlega lokað í júlí vegna óheilsusamlegs ástands húsnæðisins (myglu). Þessi skýrsla sem kom á mánudaginn síðastliðinn kemur á sama tíma og verið var að endurskipuleggja skrifstofurými í aðalbyggingu til að taka á móti Fiskeldisdeildinni sem fór útúr Verinu í júlí, en þar missti skólinn 1300 m<sup>2</sup> húsnæði. Á 2. og 3. hæð er búið að tæma

flestallar skrifstofur og var búið að hugsa þær sem opnar skrifstofur fyrir starfsmenn. Farið verður í alþríf á 2. og 3. hæð 26. ágúst, síðan þarf að bíða í 3 vikur og þá verða tekin sýni til að greina loftgæði (eftir alþríf). Niðurstöður þeirrar sýnatöku leiða í ljós hvort um smit frá 4. hæð var að ræða eða að mygla sé á 2. og 3. hæð. Verið er að leita að skrifstofuhúsnæði á Sauðárkróki til að brúa bilið til framtíðar eða þar til nýtt húsnæði verður risið á Sauðárkróki og búið er að koma upp rannsókn- og skrifstofuhúsnæði á Hólum. Hólmfríður segir að allir starfsmenn séu hvattir til að vinna heima og verið er að útbúa kennslustofur til að kenna í september. Verið er að setja upp skólastofur í Sögusetri íslenska hestsins og skólahesthúsinu. Niðurstöður skýrslunnar frá Eflu benda til að viðhaldi í aðalbyggingu skólans hafi ekki verið sinnt í áratugi. Núve randi kostnaðaráætlun við að gera upp húsið er um 640 milljónir. Hólmfríður ræðir staðarhaldið og gestamóttöku og hvað hún kostar á staðnum, og hingað til hafa þeir fjármunir farið af fjárlögum háskólans. Einar ræðir áfallið við myglu í skólahúsinu og bendir á að skólinn hafi verið miklu meira en skólinn í gegnum tíðina, verið eins og menningarstofnun og sveitarfélag. Það þurfi að gera ráð fyrir fjárveitingum í samræmi við það. Til samanburðar má benda á að Hrafnseyri heyrir undir Forsætisráðuneytið og þar er staðarhaldari. Það þarf að skoða staðarhaldið / utanumhaldið um staðinn sjálfan og það ætti að vera á sérstakri hendi. Nærtækast að byrja að ræða þetta við forsætisráðuneytið. Rætt um kjarnastarfsemi Háskólans á Hólum og hvernig önnur starfsemi til dæmis ferðapjónusta á staðnum geti stutt hana, sem og hvert gæti verið hlutverk gamla aðalskólahússins á Hólum. Einnig velt upp hvort þetta gamla hús, sem mjög strangar reglur gilda um varðandi útlit og enduruppbyggingu standist kröfur nútíma kennslukrafna. Rætt hvar henti að hafa menningartengda gestapjónustu á Hólustað, staðsetningu á skrifstofum Háskólans sem og í tengslum við uppbyggingu á Hestasvæðinu niðurfrá. Inn í þessa umræðu kemur Búshúsið sem er miðsvæðis á Hólustað, rætt um stöðuna á því húsi, eignarhald og að það sé einfaldara í enduruppbyggingu en gamla skólahúsið af því það eru ekki eins strangar reglur um að allt útlit verði að halda sér. Nemendagarðar eiga Búshúsið og Hólmfríði rektor falið af Háskólaráði að skoða hvort mögulegt sé að Búshúsið, gæti verið lausn sem framtíðarhús fyrir kennslu- og skrifstofurými til að leysa bráðan húsnæðisvanda Háskólans.

4. Samtal um aukið samstarf við Háskóla Íslands. Hólmfríður segir frá viljayfirlýsingunni um samtal um aukið samstarf við Háskóla Íslands sem var undirrituð á dögnum. Það var sagt frá henni í fréttum. Hún greinir frá hverjir eru í nefndinni fyrir hvorn skóla. Fyrir hönd Háskólans á Hólum eru það Skúli Skúlason prófessor og fyrrverandi rektor, Anna Guðrún Edvardsdóttir rannsóknastjóri og Hólmfríður Sveinsdóttir rektor. Til vara er Edda Matthíasdóttir framkvæmdastjóri. Fyrir Háskóla Íslands eru það Sæunn Stefánsdóttir forstöðumaður rannsóknasetra HÍ, Snæbjörn Pálsson prófessor og Ingibjörg Gunnarsdóttir aðstoðarrektor vísinda. Varamaður er Halldór Jónsson sviðsstjóri rannsókna og nýsköpunar. Fyrsti fundur milli skólanna um þetta samtal er 5. september næstkomandi. Hólmfríður leggur áherslu á að leiðarstefið er að efla háskólana báða á sviði rannsókna og kennslu með gæði að leiðarljósi. Afraksturinn verður fjölbreyttara námsval og fleiri nemendur. Viljayfirlýsingin felur í sér uppbyggingu á húsakostinum við Háskólann á Hólum. Verið er að horfa til erlendra fyrirmýnda um háskólasamstæðu sem hefur einingar með mismuandi staðsetningum sem hafa algjört fjárhagslegt sjálfstæði. Þekktar fyrirmýndir um svona háskólasamstæður eru til dæmis í Bandaríkjunum.
5. Rannsóknir og kennsla.
  - a. Fjórir akademískir starfsmenn hlutu framgang í starfi þann 1. júlí síðastliðinn. Það eru: Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri Ferðamáladeildar fékk framgang frá lektor í dósent. Guðný Zoëga, lektor í Ferðamáladeild fékk framgang í dósent. Jessica Aquino, lektor í

Ferðamáladeild fékk framgang í dósent. Sveinn Ragnarsson, dósent í Hestafræðideild fékk framgang í prófessor. Hólmfríður segir að nú séu prófessorar starfandi við allar deildir skólans sem sé afar ánægjuleg staða.

- b. Hestafræðideild óskaði eftir að skipaðir verði tveir gestaprófessorar við deildina. Dr. Önnu Mariu Jansson deildarstjóra og prófessor við Landbúnaðarháskólann í Uppsölum í Svíþjóð og Dr. Henri Julius prófessor við sérkennsludeild sálfræðideildar Háskólans í Rostock í Þýskalandi. Háskólaráð samþykkti að skipa báða þessa aðila og fól Hólmfríði rektor að ganga frá skipun þeirra.
6. Hólmfríður fór yfir bakgrunn, uppbyggingu og tilurð kynningarátaksins sem hefur verið í gangi hjá skólanum frá því á vordögum. Þetta kynningarátak hefur verið mjög áberandi í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum og menn sammála um að það hafi ekki farið fram hjá neinum og haft jákvæð áhrif. Slagorðið sem kom út úr þessu var „Vertu það sem þú elskar“, sem þykir fanga vel hugsunina á bakvið námið í sérfræðigreinum skólans. Það er fyrirtækið Pipar sem hefur verið að sjá um þetta kynningarátak fyrir skólann. Ákveðið að fresta umræðu og upptöku á nýju merki (logo) fyrir skólann og sjá hvað kemur út úr samtali um samstarf við Háskóla Íslands.
7. Önnur mál. Hér sagði Hólmfríður frá nýjum upplýsingum sem bárust frá ráðuneyti háskólamála um Skilgreiningu á staðarhaldi og hlutverki Háskólans á Hólum í staðarhaldi á Hólum. Háskólaráð ályktar að mikilvægt sé að vinna áfram að aðskilnaði skólans og staðarhaldsins (menningarstaðarins) á Hólum, eins og þegar var rætt ítarlega fyrr hér á fundinum undir liðnum um húsnæðismál. Auk þess eru ekki lengur stoðir fyrir því í reglugerðum og lögum að það sé hlutverk skólans að sjá um staðarhaldið, en eftirfarandi kom fram í skýrslu til Alþingis sem ríkisendurskoðandi gaf út í September 2017: „Loks hafa forsendur skapast fyrir aðgreiningu á skóla- og staðarhaldi á Hólum og hvetur Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að ljúka þeirri vinnu sem fyrst.“ „Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að gengið verði frá þessu samkomulagi sem fyrst þannig að aðskilja megi skólalald og staðarhald á Hólum.“

Fundi slitið kl. 16:30